

**AUGLÝSING****um bann við veiði göngusilungs á Eyjafirði.**

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

**1. gr.**

Bönnuð er veiði göngusilungs í net á Eyjafirði á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Eyjafjarðarsýslu, frá mörkum við Akureyri að mörkum við Ólafsfjörð. Allar netaveiðar fyrir silung eru þannig bannaðar á firðinum vestanverðum, tvo kílómetra frá ströndinni, á fyrrgreindu tímabili.

**2. gr.**

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkv. lögum nr. 76/1970. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. júní 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

**SAMÞYKKT****fyrir veiðifélag Ormarsár.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Ormarsár. Heimili þess og varnarþing er Norður-Þingeyjarsýsla.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Ormarsá í Norður-Þingeyjarsýslu, en þær eru Ormarslón, Krossavík I, Krossavík II, Kollavík, Óttarsstaðir, Lækjamót Heiðarmúli, Hrauntangi, Efri-Hólar, Presthólar, Hrauntún, Katastaðir, Grasgeiri, Hóll og Vogur.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

18. maí 1979.

Nr. 285.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, ljósmóður og Helga Helgasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandat- um af dómsmálaráðherra, 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, f. 10. júní 1849, d. 18. jan. 1935 sem gegndi ljósmóðurstörfum í Grýtubakkahreppi á árunum 1875—1924, og Helga Helgasonar, f. 1. okt. 1851, d. 5. ágúst 1938. Þau bjuggu á Grund í Höfða- hverfi frá 1880—1909.

### 1. gr.

Sjóðurinn, sem ræðir um í eftirfarandi stofnskrá, heitir Minningasjóður hjón- anna Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður, og Helga Helgasonar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — gefið af núlifandi börn- um þeirra hjóna, Baldri Hallfríði og Jóni.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sem hér segir:

- a. Að styrkja efnilegar stúlkur til að nema ljósmóðurfræði í þeim tilgangi að gegna þeirri starfsemi í Grýtubakkahreppi.
- b. Að veita styrk til hæfra kvenna, er vilja annast hjúkrun sjúkra og aðra líknar- starfsemi í þarfir áðurnefnds sveitarfélags.
- c. Að veita styrk fátækum ekkjum og mæðrum í sveitinni, er hafa misst eigin- mann eða fyrirvinnu heimilis síns eða orðð fyrir heilsuleysi á sér eða sínum.